

ÓS AMUNR



HÍ

Raunfærnimat á háskólastigi

Þróunarverkefni – niðurstöður

Raunfærnimat til styttingar náms

í leikskólakennarafræðum á

Menntavísindasviði Háskóla Íslands

ÍNA DÖGG EYÞÓRSDÓTTIR OG LÁRA HREINSDÓTTIR – ÁGÚST 2022

Efnisyfirlit

Samantekt	3
Inngangur	4
Skilgreining verkefnisins.....	5
Markmið verkefnis	5
Lýsing verkefnis	5
Afmörkun verkefnis.....	5
Vinna hópsins.....	6
Raunfærni og raunfærnimat	7
Framkvæmd og niðurstöður	9
Undirbúningur.....	9
Val á þátttakendum	10
Framkvæmd raunfærnimats	10
Niðurstöðukafli	12
Viðhorf hagsmunaaðila	14
Samantekt verkefnishópsins	15
Tillögur stýrihóps um framtíð raunfærnimats á háskólastigi.....	17
Lög og reglugerðir	17
Raunfærnimat á háskólastigi	17
Fjármögnun.....	17
Heimildir.....	18
Viðaukar	18

Samantekt

Árið 2012 kom Ráðherraráð Evrópusambandsins með þau tilmæli að öll lönd innan sambandsins settu sér verkferla fyrir raunfærnimat á öllum skólastigum fyrir lok árs 2018 (Cedefop, 2015). Í kjölfarið kom kennsluvið Háskóla Íslands á fót vinnuhóp sem átti m.a. að kanna hvernig best væri að standa að innleiðingu raunfærnimats á háskólastigi. Hópurinn lagði til að farið yrði af stað með þróunarverkefni um raunfærnimat og benti á deildir innan Háskólanna sem gætu komið til greina. Menntavísindasvið Háskóla Íslands tók síðar ákvörðun, í samráði við kennsluvið, um að byrja með þróunarverkefni í raunfærnimati í grunnnámi í leikskólakennarafræðum og hófst undirbúningur í byrjun árs 2021. Við innleiðinguna var stuðst við evrópsk viðmið Cedefop í öllum skrefum ferlisins (Cedefop, 2015).

Ákveðið var að sjö námskeið yrðu í boði til raunfærnimats og voru hæfniviðmið þeirra uppfærð og gerð mælanleg. Um haustið var boðað til kynningarfundar með nemendum deildarinnar og þeim, er töldu sig eiga erindi í raunfærnimat, boðið að sækja um. Þegar búið var að velja úr hópnum hófst vinna við gerð færni- og ferilmöppu og nemendur skiluðu inn sjálfsmatslistum. Matsaðilar völdu hvaða námskeið stæðu hverjum og einum til boða til raunfærnimats og síðar fóru nemendur í matsviðtöl þar sem raunfærnimat fór fram. Viðtölin hófust í nóvember 2021 og lauk þeim í febrúar 2022.

17 þátttakendur tóku þátt í þróunarverkefninu og að meðaltali fóru þeir í raunfærnimat í 4 námskeiðum. Niðurstaðan var að af 69 námskeiðum stóðust þátttakendur mat í 52 námskeiðum. Í einingum talið voru þetta 430 ECTS einingar.

Reynslan af verkefninu var góð og sýnir að raunfærnimat á heima á háskólastigi en hentar námsleiðum misvel. Af þeim sökum er æskilegt að hver deild innan Háskólans útfæri það á sinn hátt en mikilvægt að sameiginleg aðferðafræði og verklag sé viðhaft til þess að tryggja fagmennsku og gæði í samræmi við evrópsk viðmið. Einnig er mikilvægt að ráðuneyti setji fram reglugerð um raunfærnimat á háskólastigi, líkt og gert hefur verið fyrir framhaldsskólastigið, til að tryggja samræmi við innleiðingu á raunfærnimati á háskólastigi á Íslandi. Að lokum þarf að taka afstöðu til hvernig fjármagna á raunfærnimat á háskólastigi til framtíðar.

Inngangur

Mat á raunfærni er ekki nýtt af nálinni en það hefur orðið sífellt fyrirferðameira í löndum Evrópu seinustu ár. Raunfærnimat er liður í því að styðja einstaklinga til að afla sér frekari menntunar en síbreytilegur vinnumarkaður kallar á aukna símenntun, nokkuð sem skilar hæfari einstaklingum út á vinnumarkaðinn (Fjóra María Lárusdóttir og Haukur Harðarson, 2021).

Eftir tilmæli frá Ráðherraráði Evrópusambandsins um að öll lönd innan sambandsins skyldu koma á verklagi um raunfærnimat á öllum skólastigum var settur á fót vinnuhópur á vegum Kennslusviðs Háskóla Íslands til að kanna mögulegar leiðir til raunfærnimats á háskólastigi.

Vinnuhópurinn skilaði skýrslu árið 2015 og lagði til að hver deild eða hvert svið innan háskólans skipulegði og þróaði verklagsreglur fyrir mat á raunfærni til styttingar náms því raunfærnimat væri mis hentugt eftir deildum og aðstæður einnig (Ína Dögg Eypórsdóttir, Hróbjartur Árnason og Fjóra María Lárusdóttir, 2015).

Í tillögum að uppfærðum viðmiðum um æðri menntun og prófgráður frá háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu, og í meðfylgjandi greinagerð er í fyrsta sinn búið að leggja fram að meta megi raunfærni til eininga á háskólastigi og er því ljóst að vilji er innan kerfisins til að þróa raunfærnimatið áfram (Háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið, 2022).

Í samráði við Kennslusvið ákvað Menntavísindasvið HÍ að ríða á vaðið og setja á fót þróunarverkefni í raunfærnimati til styttingar náms í leikskólakennarafræðum B.Ed. Á þessari námsleið eru nemendur margir hverjir í vinnu með námi og búa af þeim sökum yfir mikilli starfsreynslu í faginu. Þessir nemendur hafa margir hverjir lagt stund á óformlegt nám í faginu með þátttöku í námskeiðum af ýmsu tagi, sem mögulega mætti meta ásamt starfsreynslu, inn í formlegt nám með raunfærnimati.

Í samfélaginu er brýn þörf fyrir leikskólakennara og með því að bjóða þessum nemendum upp á raunfærnimat til styttingar náms má fjölga þeim er sækja sér menntun og þeim sem ljúka námi .

Skilgreining verkefnisins

Markmið verkefnis

Markmið þróunarverkefnisins er að innleiða raunfærnimat í grunnnámi í leikskólakennarafræðum við Menntavísindasvið HÍ og tryggja gæði og fagmennsku við innleiðingu á raunfærnimati á háskólastigi með því að vinna eftir viðurkenndum evrópskum stöðlum í samvinnu við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og með aðkomu allra helstu hagsmunaaðila.

Niðurstöðu verkefnisins á einnig að vera hægt að nýta til að búa til sameiginlegt verklag og ramma sem getur verið fyrirmynd að raunfærnimati við aðrar námsleiðir á háskólastigi.

Lýsing verkefnis

- Í samráði við Menntavísindasvið og aðra hagsmunaaðila verður grunn nám í leikskólakennarafræðum fyrir valinu.
- Gerður verður samningur við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um þjálfun og fræðslu í verklagi raunfærnimats.
- Stofnaður stýrihópur með fulltrúum frá Kennarasambandinu, Félagi leikskólakennara, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, fulltrúum námsleiðarinnar hjá HÍ, náms- og starfsráðgjöfum, fulltrúa frá Kennslusviði HÍ og verkefnisstjóra.
- Stofnaður verkefnishópur til að sjá um framkvæmdina í samvinnu við stýrihóp.
- Ákveðið að meta raunfærni nemenda á mótí ákveðnum námskeiðum og hæfniviðmiðum þeirra.
- Námskeið verða valin í samvinnu við kennara deildarinnar og hæfniviðmið þeirra uppfærð og settir upp mælikvarðar fyrir raunfærnimatið með aðstoð Kennslumiðstöðvar HÍ.
- Búnir til verkferlar og gátlistar fyrir framkvæmdaraðila.
- Þátttökuskilyrði ákveðin.
- Raunfærnimat kynnt fyrir nemendum.
- Þátttakendur valdir og leiddir í gegnum raunfærnimat.
- Reynslan af verkefninu tekin saman og komið með tillögur að næstu skrefum.

Afmörkun verkefnis

Nemendum í grunnnámi í leikskólakennarafræði stendur til boða að sækja um raunfærnimat að uppfylltum ákveðnum skilyrðum en krafa er gerð um 25 ára lífaldur og þriggja ára starfsreynslu í leikskóla til að hafa mögulega öðlast þá færni sem hægt er að meta til móts við hæfniviðmið í náminu.

Raunfærni er metin á mótí núverandi hæfniviðmiðum ákveðinna námskeiða í grunnnámi í leikskólakennaranámi. Þetta eru námskeið sem kennd eru á vormisseri 2. árs og haustmisseri 3. árs samkvæmt gildandi kennsluskrá .

Að raunfærnimati loknu mun verkefnishópur skila af sér lokaskýrslu þar sem farið er yfir allt ferlið, hvað gekk vel, hvaða hindranir voru á veginum og hvernig mætti greiða úr þeim auk þess að koma með tillögur um næstu skref.

Vinna hópsins

Stofnaður var stýrihópur til að halda utan um þróunarverkefnið og fundaði hann reglulega á hálfmánaðar fresti í upphafi en alls urðu fundirnir 11.

- Fyrsti fundur stýrihóps var haldinn 18. febrúar en á fundinum kynnti Fjóla María Lárusdóttir, frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, raunfærnimat, hvað felst í því og hvaða hlutverki stýrihópur gegndi.
- Stofnað var lokað svæði á *Teams* sem fékk heitið Raunfærnimat á háskólastigi til að safna saman og halda utan um gögn er máli skipta í tengslum við verkefnið.
- Næstu fundir fóru í að taka ákvarðanir um þau fjölmörgu skref sem þarf að stíga áður en raunfærnimat fer fram. Má þar nefna að velja þau námskeið sem koma til mats í raunfærni, ákveða inntökuskilyrði, búa til tímalínu og ákveða hvernig best skuli staðið að kynningu á verkefninu fyrir nemendur og einnig starfsfólk HÍ.
- Þegar vinna við hæfniviðmiðin hófst var Halla Valgeirsdóttir, frá Kennslusviði HÍ, tekin inn í hópinn einkum til þess að aðstoða hann við að setja mælikvarða við hæfniviðmið hvers námskeiðs.
- Á 6. fundi stýrihóps þann 14. maí var ákveðið að breyta fyrirkomulagi funda þannig að stýrihópur myndi funda einu sinni í mánuði en stofnaður yrði verkefnishópur sem ynni að verkefninu og mynda hittast oft. Allar ákvarðanir yrðu þó ávallt bornar undir stýrihópinn.
- 11. fundur verkefnishóps, þann 3. september, var vinnufundur til undirbúnings fyrir kynningarfund með nemendum. Eftir þann fund hélt verkefnishópur ekki formlega fundi en átti í miklum og góðum samskiptum varðandi einstök atriði í ferlinu þegar þörf var á.
- Nýr stýrihópur var skipaður um miðjan október 2021 og fyrsti fundur hópsins fór fram þann 26. nóvember. Þar var farið yfir ferlið frá upphafi og staða verkefnisins kynnt. Ákveðið var að funda eftir þörfum og að næsti fundur yrði er ferlinu lyki.

Raunfærni og raunfærnimat

Raunfærni er samanlögð hæfni, færni og þekking einstaklings sem hann hefur öðlast með ýmsum hætti í starfi, námi og einkalífi t.d. í gegnum námskeið, félagsstörf og með starfsreynslu.

Raunfærnimat (e. *Validation of prior learning*) er skipulagt ferli þar sem lagt er mat á alhliða þekkingu og færni einstaklings með formlegum hætti. Það er í raun staðfesting eða viðurkenning á því að einstaklingur hafi öðlast ákveðna færni eða hæfni sem meta má á móti ákveðnum viðmiðum í hinu hefðbundna skólakerfi.

Ferlið í raunfærnimati byggir á fjórum skrefum sem öll eru samofin og mynda eina heild í gegnum allt ferlið (Cedefop, 2015). Þessi skref eru:

1. Upplýsingar og endurgjöf
2. Gagnaöflun og færnisráning
3. Greining og mat
4. Vottun eða staðfesting

Einstaklingum er í sjálfsvald sett hvort þeir fara í raunfærnimat en til þess að þeir geti tekið upplýsta ákvörðun er mikilvægt að veita nákvæmar upplýsingar um ferlið í heild sinni. Má þar nefna tímalengd, trúnað, rétt þátttakenda og ekki síst hvernig raunfærnimat getur nýst þeim á námsferli sínum, það er stytt hann og komið í veg fyrir að þeir þurfi að sitja námskeið í einhverju sem þeir kunna nú þegar.

Þeir sem telja sig hafa erindi í raunfærnimat og hafa fengið staðfestingu á því að þeir séu gjaldgengir færast yfir á næsta þrep. Í því felst að þátttakendur safna gögnum og búa til færni- og ferilmöppu sem gefur skýra mynd af lífi þeirra og starfsferli. Hér ekki um að ræða að telja upp störf, námskeið og verkefni heldur felur þetta í sér nánari útlistun á því hvað viðkomandi lærði og í hverju verkefni voru fólgin. Með því að setja þetta fram á skilmerkilegan hátt auðveldar þessi vinna þátttakendum að koma auga á þá færni og þekkingu sem þeir búa yfir og getur aukið með þeim trú á eigin getu.

Eftir að þátttakendur hafa fyllt út sjálfsmatslista er farið yfir þá sem og færni- og ferilmöppu hvers og eins og fundið út hvaða námskeið standa hverjum og einum til boða til raunfærnimats. Matið sjálf fer fram í einstaklingssamtali milli matsaðila og þátttakanda. Hæfniviðmið námskeiða eru viðmiððið og mismunandi hvað aðferðum er beitt til að meta færni og þekkingu. Enginn afsláttur er gefinn á gæðum við mat á því hvort hæfniviðmiðum viðkomandi námskeiðs er náð eða ekki.

Seinasta skrefið felur í sér að gefa þátttakendum formlega staðfestingu á hæfni sinni. Mat námskeiðsins er staðfesting á því að þekking og færni einstaklingsins sé í samræmi við þau hæfniviðmið sem standast þarf við hefðbundið nám, þótt hæfninnar hafi verið aflað með óformlegum hætti. Standist þátttakandinn hæfniviðmið námskeiðs er það skráð í Uglu sem metið.

Raunfærnimat hefur verið við lýði hér á landi í nokkur ár en frá árinu 2007 hafa rúmlega 6700 manns farið í gegnum raunfærnimat (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.). Því er óhætt að segja að markvisst hafi verið unnið að því að nota raunfærnimat til styttingar á námi á framhaldsskólastigi en matið hefur aðallega verið í iðn- og verkgreinum en minna í bóklegum greinum.

Á háskólastiginu á Íslandi hefur ekki verið mikið um raunfærnimat, hvorki til inngöngu né styttingar náms. Sá möguleiki hefur aftur á móti verið til staðar að einstaklingar geti í sumum tilvikum fengið undanþágu frá inntökuskilyrðum, byggða á menntun og starfsreynslu en þar er ekki um raunverulegt

raunfærnimat að ræða og gildir sú undanþága aðeins í ákveðnar námsleiðir. Má því segja að með þessu verkefni sé næsta skref stigið í raunfærnimati á Íslandi. Raunfærnimat er því einstaklingsbundið mat sem felur í sér fjögurra þrepa ferli sem endar með staðfestingu/vottun þeirri færni sem einstaklingurinn hefur aflað sér og á að gilda í öllu menntakerfinu. Raunfærnimat til inngöngu í nám á háskólastigi á betur heima á framhaldsskólastiginu því þar liggur þekkingin til að meta hæfni, leikni og þekkingu nemenda í þeim greinum er leiða til lokaprófa á 3.hæfniprepi. Á framhaldsskólastiginu er einnig möguleiki á að votta matið, þ.e. veita einingar fyrir þær námsgreinar sem viðkomandi stenst raunfærnimat í og að lokum leiðbeina einstaklingum áfram í námi til að ljúka því sem upp á vantar ef fullri hæfni er ekki náð.

Framkvæmd og niðurstöður

Í upphafi var gerður samningur milli Háskóla Íslands og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um stuðning og þjálfun þeirra aðila er að verkefninu koma sem og mat á niðurstöðum verkefnisins.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur mikla reynslu af innleiðingu raunfærnimats á framhaldsskólastigi og hefur frá árinu 2004 þróað ferli í raunfærnimati í samvinnu við hagsmunaaðila. Verkferlar þeir sem FA hefur notað byggja á leiðbeiningum frá Cedefop sem er evrópsk miðstöð um þróun starfsmenntunar (e. *European Centre for the Development of Vocational Training*). Verkferlar þessir komu fyrst fram árið 2009 og hafa verið endurnýjaðar síðan samfara þeirri reynslu og þekkingu sem fengist hefur með notkun þeirra (Cedefop, 2015).

Mikið var stuðst við reynslu verkefnisstjóra Kennslusviðs frá þátttöku í evrópska verkefninu „RPL in Practice“ (Swedish Council for Higher Education, e.d.). Upp úr því verkefni voru unnir verkferlar fyrir innleiðingu á raunfærnimati á háskólastigi sem voru uppfærðir miðað við íslenskt menntakerfi og stuðst við þá við upphaf verkefnisins, sjá viðauka 1. Einnig var leitað til háskóla sem hafa reynslu af raunfærnimati, meðal annars Gautaborgarháskóla í Svíþjóð. Verklag þróunarverkefnisins er því byggt á traustum verkferlum með mikla áherslu á gæði, fagmennsku og reynslu fjölmargra aðila í Evrópu.

Verkefnið hófst með því að settur var á laggirnar stýrihópur en í honum sátu Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir, forseti Menntavísindasviðs, Anna Magnea Hreinsdóttir, aðjúntk á Menntavísindasviði, Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, dósent á Menntavísindasviði, Kristín Jónsdóttir, deildarforseti deildar kennslu- og menntunarfræða á Menntavísindasviði, Kristjana Mjöll Sigurðardóttir og Lýdía Kristín Sigurðardóttir frá náms- og starfsráðgjöf HÍ, Ína Dögg Eyþórsdóttir, verkefnisstjóri á Matsskrifstofu Kennslusviðs HÍ/ENIC-NARIC, Fjóla María Lárusdóttir frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Sigurður Sigurjónsson frá Félagi stjórnenda leikskóla og Anna María Gunnarsdóttir frá Kennarasambandi Íslands. Hlutverk stýrihópsins var að tryggja að faglega væri staðið að tilraunaverkefninu og að hagsmunaaðilar væru upplýstir um þróun þess. Verkefnisstjóri verkefnisins í upphafi var Ína Dögg Eyþórsdóttir.

Einnig var skipaður verkefnishópur í tengslum við þróunarverkefnið og samanstóð hann af tveimur náms- og starfsráðgjöfum frá NSHÍ, þeim Lýdíu Kristínu Sigurðardóttur og Kristjönu Mjöll Sigurðardóttur, tveimur matsaðilum frá Menntavísindasviði sem eru sérfræðingar í faginu, þeim Önnu Magneu Hreinsdóttur og Ingibjörgu Ósk Sigurðardóttur, Bryndísi Garðarsdóttur deildarstjóra í Deild kennslu- og menntunarfræði, Láru Hreinsdóttur verkefnisstjóra, og Ínu Dögg Eyþórsdóttur og Höllu Valgeirsdóttur frá Kennslusviði HÍ.

Undirbúningur

Verkefnisstjóri, matsaðilar og náms- og starfsráðgjafar sóttu námskeið hjá FA fyrir fagaðila en í leiðbeiningum frá Evrópusambandinu er bent á mikilvægi þess að þessir aðilar fái viðeigandi þjálfun til þess að tryggja gæði ferlisins (Cedefop, 2015).

Unnið var út frá ákveðnum verkferlum sem voru útbúnir í upphafi. Sú skýra verkaskipting sem þar kom fram var mjög hjálpleg enda verkefni hvers og eins vel skilgreind. Ef upp kom einhver óvissa gátu meðlimir verkefnishóps leitað til hvers annars og fengið aðstoð. Stuðst var við gátlista fyrir verkefnisstjóra, náms- og starfsráðgjafa og matsaðila raunfærnimats frá FA og voru þeir listar síðan aðlagðir að verkferlum fyrir háskólastigið.

Í samvinnu við Deild kennslu- og menntunarfræði á Menntavísindasviði voru valin 7 námskeið til raunfærnimats. Mikil vinna var lögð í að fara í gegnum hæfniviðmið hvers námskeiðs og gera þau mælanleg sem er einkar mikilvægt þegar mat á raunfærni er annars vegar, sjá viðauka 2. Ekki er síður mikilvægt að setja hæfniviðmiðin fram á skýran og skiljanlegan hátt fyrir þátttakendur. Fagmennska skiptir hér miklu máli enda er raunfærnimat ekki afsláttur á námskröfum heldur byggir það á sömu hæfniviðmiðum og í námskeiðunum almennt. Með þessu móti er það færni sem er sett í fyrsta sætið óháð því hvar eða hvernig hennar er aflað. Í þessari vinnu var leitað til Höllu Valgeirsdóttur hjá Kennslumiðstöð Háskóla Íslands.

Einnig voru útbúnir einfaldir skimunarlistar fyrir nemendur sem byggðir voru á helstu hæfniviðmiðum hvers námskeiðs til að auðvelda þeim að átta sig á því hvort þeir ættu erindi í raunfærnimat í þessum námskeiðum. Með listunum er lagt fyrsta mat á hvort viðkomandi eigi erindi í raunfærnimat. Einnig voru útbúnir nákvæmari sjálfsmatslistar með mælanlegum hæfniviðmiðum hvers námskeiðs sem notaðir voru í næsta skrefi þegar búíð var að velja þátttakendur. Til að tryggja gæði var lögð áhersla á gegnsæi í gegnum allt ferlið og áreiðanleiki og traust var í fyrirrúmi.

Þátttökutökuskilyrði voru ákveðin, þar sem gerð var krafa um 25 ára lífaldur og að starfsreynsla í leikskóla þyrfti að vera að lágmarki 3 ár.

Upplýsingasíða fyrir nemendur um raunfærnimat var vistuð á heimasvæði deildarinnar en þar var, auk almennra upplýsinga, að finna hlekk á skimunarlistann, sjá viðauka 3.

Val á þátttakendum

Um miðjan september hófst verkefnið formlega með kynningarfundum fyrir nemendur í grunnnámi í leikskólakennarafræðum en að honum loknum gátu þeir nemendur sem töldu sig eiga erindi í raunfærnimat sent inn ferilskrá og fyllt út skimunarlista. Þegar verkefnishópur hafði farið yfir þessi gögn og skoðað námsferla nemenda var þeim, er uppfylltu skilyrðin, boðið að sækja um raunfærnimat með formlegum hætti. Það var gert með því að fylla út umsóknareyðublað auk þess að senda inn staðfestingu frá vinnuveitanda til að sannreyna starfsreynslu í leikskóla. Eftir að búíð var að fara yfir umsóknirnar var 21 nemanda boðið að fara í raunfærnimat og 17 þáðu boðið.

Framkvæmd raunfærnimats

Þátttakendur hófu ferlið með því að sækja tvo hópfunði. Sá fyrri var með náms- og starfsráðgjöfum sem útskýrðu gerð færni- og ferilmöppu og aðstoðuðu þátttakendur við að hefja vinnu við gerð hennar. Þessi vinna er afar mikilvæg því einstaklingurinn fær þarna aðstoð við að koma færni sinni í orð og koma þannig auga á styrkleika sína, nokkuð sem eykur sjálfstraust þeirra og undirbýr þá frekar fyrir raunfærnimat. Náms- og starfsráðgjafanir voru þátttakendum innan handar í gegnum allt ferlið, buðu fram aðstoð sína í matsviðtölunum og einnig eftir að niðurstöður voru komnar. Þessi eftirfylgni getur verið þátttakendum mikilvæg.

Á síðari fundinum fylltu þátttakendur út sjálfsmatslista, sjá viðauka 4, þar sem þeir mátu þekkingu sína og færni til móts við hæfniviðmið þeirra námskeiða sem í boði voru til raunfærnimats. Matsaðilar og náms- og starfsráðgjafar voru þátttakendum til aðstoðar á þessum fundi og fengu þar matsaðilar tækifæri til þess að kynna þátttakendum lítillega. Eftir fundinn fóru matsaðilar yfir sjálfsmatslistana og fundu út hversu mörg námskeið stæðu hverjum og einum til boða til raunfærnimats.

Ákveðið var að meta raunfærni þátttakenda með matsviðtölum, en slíkt matsform er eitt af mælitækjum raunfærnimats. Einn af kostum þeirra er að þau bjóða upp á samræður og matsaðilar geta beðið viðmælendur um að fara meira á dýptina eða útskýra betur ef þörf er á (Cedefop, 2015). Fyrir matsviðtölin kynntu matsaðilar sér vel ferilskrár sem og færni- og ferilmöppur nemenda en þær gáfu þeim m.a. vísbendingar um kunnáttu og almenna starfsreynslu þátttakenda. Að auki áttu matsaðilar fundi með þeim kennurum er hafa umsjón með námskeiðunum sem voru í boði til raunfærnimats til að fá upplýsingar um atriði sem hægt var að koma inná í matsviðtölunum og fá tól og verkfæri til að meta færni þátttakenda. Samvinna af þessu tagi eykur trúðverðugleika matsins og styrk og er mikilvæg þegar verið er að meta raunfærni á mótí formlegri menntun eins og Cedefop (2015) bendir á.

Matssamtölin fólust fyrst og fremst í samtali út frá hæfniviðmiðum námskeiða þar sem farið var yfir reynslu þátttakenda. Stuðst var við ólíkar matsaðferðir má þar nefna að nemendur komu með dæmi úr myndlistarstarfi og dæmi um dagsskipulag fyrir yngstu börnin í leikskólanum. Einnig horfðu nemendur á myndbönd er tengdust starfi leikskóla og ræddu um þau, klípusögur um starfhætti leikskóla voru notaðar og áætlanir af ýmsu tagi settar fram.

Mat á einu námskeiði tók um klukkustund en matsviðtölin voru öll einstaklingsviðtöl og var þeim skipt á tvö tímabil. Á því fyrra, sem hófst í 23. nóvember og lauk rétt fyrir jól, var raunfærnimat úr þeim námskeiðum sem að jafnaði eru kennd á vormisseri. Síðara tímabilið hófst 7. janúar og lauk 3. febrúar en þá fór fram raunfærnimat í námskeiðum sem kennd eru á haustmisseri. Í upphafi var stefnt að því að ljúka ferlinu fyrir áramót en það gekk ekki eftir og kom þar fleira en eitt til en helst ber að nefna kórónu faraldurinn.

Eftir að matsviðtölum lauk fengu nemendur tölvupóst og í viðhengi var bréf með niðurstöðum úr matsviðtölunum en bréfið var síðar skjalað í Uglu, nemendakerfi Háskólans. Þau námskeið sem þátttakendur stóðust raunfærnimat í voru skráð sem metin í Uglu, líkt og gert er þegar mat á fyrra námi fer fram. Í kjölfarið var þátttakendum boðin aðstoð frá náms- og starfsráðgjöfum við að endurskoða námsferil sinn.

Þátttaka var nemendum að kostnaðarlausu að þessu sinni.



Mynd úr matsviðtali

Niðurstöðukafli

Þátttakendur í þróunarverkefninu voru alls 17 og að meðaltali fóru þátttakendur í raunfærnimat í 4 námskeiðum, þrír fóru í raunfærnimat í 1 námskeiði og fimm fóru í raunfærnimat í 6 námskeiðum. Niðurstaðan var að af 69 námskeiðum stóðust þátttakendur mat í 52 námskeiðum. Í einingum talið voru þetta 430 ECTS einingar. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þann heildarfjölda eininga sem einstaklingar fengu metna.

Fjöldi þátttakenda	ECTS einingar
3	5
4	10
1	15
1	20
	25
1	30
1	35
2	40
1	45
3	50

Allir þátttakendur fengu einhver námskeið metin sem rennur stöðum undir það að skimunarferlið virkaði vel. Að meðaltali fengu þátttakendur 25 einingar metnar. Þeir fjórir þátttakendur, er fengu flestar ECTS einingar, stytta námsferil sinn um nærri eitt ár.

Leitað var eftir umsögnum frá nemendum, sem fóru í gegnum raunfærnimatið, um reynslu þeirra og upplifun af ferlinu í heild. Margir sendu inn umsagnir og voru þær undantekningalaust jákvæðar.

Komið var inn á að undirbúningur hafi verið góður og að allir þeir sem komu að verkefninu í einhverri mynd hafi verið hjálpsamir og hvetjandi. Lagt hafi verið upp með að útskýra hvert skref vandlega og því hafi þátttakendur ekki verið í vafa um hvað væri í gangi hverju sinni.

Vinnan við gerð færni- og ferilmöppu var þátttakendum hugleikin, þetta hafi ekki verið auðveld vinna en gefandi. Það hafi verið góð tilfinning að leggja mat á það starf sem þeir hefðu ynnt af hendi, bæði atriði sem höfðu gengið vel og eins þau sem hafi verið krefjandi.

Orð þátttakanda lýsa þessu best:

„Við gerð ferilmöppunnar sá ég hvað ég hafði mikla visku að geyma ásamt því að ég sá hvað ég hef tekið þátt í mörgum námskeiðum og verkefnum á starfsárum mínum. Það að kortleggja starfsferillinn sinn gaf mér kjark og öryggi í viðtölunum og verkefnum sem voru tekin fyrir við matið.“

Matsviðtölin þóttu krefjandi en matsaðilar sagðir opnir og skilningsríkir og þeir hafi gefið sér góðan tíma til að hlusta á þátttakendur. Skipulag matsviðtalanna hafi verið til fyrirmyndar, sumar spurningarnar hafi verið opnar og djúpar sem gaf færi á góðu samtali sem hafi verið spennandi.

Þátttakendur nefndu margir að það að fara í gegnum raunfærnimat hafi gefið þeim aukið sjálfstraust og hvatt þá áfram til dáða til að ná markmiðum sínum, nokkuð sem kemur fram í þessum umsögnum:

„Þetta verkefni gaf mér meira sjálfstraust, að ég geti allt sem ég ætla mér og meiri trú á mig sjálfa.“

„Að fara í nám er stórt skref, skemmtilegt en krefjandi og raunfærnimatið gaf mér auka kraft og hvatningu til að halda áfram.“

„Eftir að hafa fengið nokkur námskeið metin fann ég hvernig álagið minnkaði og raunfærnimatið gaf mér færi á að sjá fyrir endann á öllu álaginu sem fylgir því að vera í námi og vinnu.“

Þátttakandi með margra ára starfsreynslu á leikskóla tók saman upplifun sína af raunfærnimati með þessum orðum:

„Mér finnst frábært að reynsla sé metin þar sem mikil viska býr inn á leikskólum landsins og held ég að fjölgun leikskólakennara muni fylgja í kjölfarið á þessu mati.“

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tók að sér að kanna hvernig til tókst. Tekin voru viðtöl við matsaðila, verkefnastjóra og stjórnanda og einnig var send könnun til allra sem tóku þátt og var svarhlutfall um 85%. Í skýrslu sem Fræðslumiðstöðin sendi frá sér kemur fram að verkefnið hafi í heildina gengið vel og almenn ánægja var á meðal þeirra er komu að því. Góðar og gagnlegar ábendingar komu fram frá öllum aðilum sem hægt er nýta í næstu umferð.

Viðhorf hagsmunaaðila

Eins og fyrr sagði áttu helstu hagsmunaaðilar fulltrúa í stýrihóp en það voru aðilar frá Menntavísindasviði HÍ, Félagi leikskólakennara og Kennarasambandi Íslands. Með setu í stýrihóp voru þessir aðilar upplýstir um verkefnið og framgang þess með jöfnu millibili og gefinn kostur á að koma með athugasemdir og hafa áhrif á framgang verkefnisins. Þegar þróunarverkefninu lauk var síðan haft samband við nokkra hagsmunaaðila og þeim boðið að koma á framfæri sjónarmiðum sínum um raunfærnimat á háskólastigi.

Kolbrún Þ. Pálsdóttir, forseti Menntavísindasviðs segir m.a. í umsögn frá sviðinu:

„Við á Menntavísindasviði erum einstaklega ánægð með árangursríkt tilrauna – og þróunarverkefni um raunfærnimat í leikskólafræðum. Það var tímabært að hefja þróun og innleiðingu á nýtingu raunfærnimats sem verkfæri í háskólanámi, ekki síst í fagnámi líkt og kennaranámi.

Í umsögninni kemur einnig fram að markmiðið sé að innleiða raunfærnimat til framtíðar á menntavísindasviði og taka inn námskeið af fleiri námsleiðum. Þar segir enn fremur að raunfærnimat styðji vel við að reglulega sé rýnt í hæfniviðmið námskeiða og námsmat endurskoðað. Að lokum nefnir Kolbrún að samstarfið við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hafi verið mjög dýrmætt enda er þekking þeirra byggð á góðum grunni og margra ára reynslu.

Í bréfi frá Samtökum atvinnulífsins kemur fram að þau styðji heilshugar við hugmyndir um raunfærnimat á háskólastigi. Það sé mikilvægt að raunfærnimat á háskólastigi sé viðurkennt að því gefnu að þess sé gætt að gæði séu tryggð. Enn fremur segir um raunfærnimat:

„Það styður almenna þróun í menntakerfinu þar sem aukin áhersla er lögð á að menntun, þekking og færni verði metin óháð því hvernig hennar var aflagð.“

Fulltrúi Kennarasambands Íslands í starfshópnum var Anna María Gunnarsdóttir varaformaður KÍ. Að hennar mati var afar faglega staðið að raunfærnimatinu, vinnan við verkefnið hafi verið til fyrirmyndar og það ætti að gefa góða mynd af færni þeirra sem fóru í gegnum það.

Viðhorf hagsmunaaðila hafa verið afar jákvæð og samantekt ummæla þeirra rennir styrkum stöðum undir það hversu mikilvægt það er að halda áfram að vinna að þróun raunfærnimats á háskólastigi í fleiri greinum.

Samantekt verkefnishópsins

Það er sameiginleg niðurstaða verkefnishópsins að vel hafi tekist til með þróunarverkefnið í heild sinni. Þó einhverjir hnökrar hafi verið á framkvæmdinni voru þeir flestir smávægilegir og auðvelt að leysa úr þeim. Þróunarverkefnið veitti dýrmæta reynslu sem hægt er að nýta til að bæta ferlið og í skýrslu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um verkefnið koma fram gagnlegar ábendingar sem eiga eftir að nýtast vel. Hér má sjá meginniðurstöður og vangaveltur að verkefni loknu.

- Raunfærnimat er nýjung á háskólastigi og því ekki að undra þó skiptar skoðanir hafi komið fram um réttmæti þess eða jafnvel tilverurétt. Slíkar efasemdir eru af hinu góða því uppbyggilega gagnrýni er hægt að nýta til að bæta ferlið. Tryggja þarf að raunfærnimat sé kynnt vel í þeim deildum þar sem það er tekið upp, greint frá ávinningi þess fyrir háskólann, atvinnulífið og nemendur og leggja áherslu á þá fagmennsku sem við er höfð í ferlinu öllu.
- Góður undirbúningur skiptir miklu máli og huga þarf vel að verkaskiptinu milli þeirra aðila er koma að matinu svo hlutverk hvers og eins séu skýr og ferlið gagnsætt. Nákvæmir verkferlar og gátlistar auðvelda þessa vinnu.
- Það er mikill kostur að setja upp skýran tímaramma áður en lagt er af stað í ferlið til að ábyrgjast framgang þess og tryggja að þeir starfsmenn er koma að ferlinu séu ekki uppteknir í öðru.
- Hæfniviðmið þeirra námskeiða sem eru til raunfærnimats verða að vera mælanleg og á skiljanlegu máli. Skýr markmið gera það að verkum að auðveldara er að meta færni þátttakenda á móti hæfniviðmiðum námskeiða og tryggja þar með sanngirni og fagmennsku.
- Mikilvægt er að fara vel yfir staðfestingu á starfsreynslu, svo að hún nái örugglega fullum þremur árum í starfi, ekki að viðkomandi hafa verið í fæðingarorlofi eða veikindaleyfi innan tímabilsins. Einnig þarf að taka afstöðu til þess hvort starfsreynslan þyrfti ekki að vera innan síðastliðinna 10-15 ára. Dæmi var um einn umsækjanda sem hafði hluta af starfsreynslunni fyrir 21 ári síðan.
- Örfá dæmi voru um að nemandi hafi ofmetið þekkingu sína í sjálfsmatinu sem leiddi til dæmis til þess að nemandi sem hafði ekki erindi í matssamtal fór í gegnum mat á þremur námskeiðum. Það er töluverð vinna fólgin í því. Endurskoða má fyrirmælin sem nemendur fá á fundinum þegar listarnir eru fylltir út og jafnvel víkka út mælikvarðann. Hins vegar var gott að sjá að matssamtölin gripu þá sem ekki áttu erindi í raunfærnimat.

- Fara þarf yfir fyrirkomulag raunfærnimats til að ákveða á hvaða tímapunkti í grunnnámi er best að bjóða upp á raunfærnimat, er það best í upphafi námsferils eða á það betur heima á 2. eða 3. námsári? Lagt er til að matssamtölin fyrir 1. árs nema fari fram í ágúst og sé lokið áður en frestur til að endurskoða skráningu á námskeið haustmisseris rennur út. Nemendum á 2. og 3. ári standi raunfærnimat til boða í október/nóvember í námskeiðum sem kennd eru á vormisseri og síðar í maí/júní í námskeiðum sem kennd eru á haustmisseri. Varast þarf að setja samtölin á verkefna- og prófatímabil nemenda.
- Skilgreina þarf vel þann hóp sem sótt getur um raunfærnimat og inntökuskilyrði þurfa að vera skýr og skiljanleg. Hversu fjölmennir eiga hóparnir að vera? Á að gera kröfu um íslenskukunnáttu t.d. á starfstímabili í leikskóla? Þurfa umsækjendur að vera skráðir nemendur við HÍ?
- Ákveða þarf hámark eininga sem hægt er að fá metnar með raunfærnimati. Verkefnishópur leggur til að nemandi geti að hámarki fengið 60 ECTS einingar metnar. Það er í takt við það sem gerist t.d. í leikskólakennaranámi í sænskum háskólum (Statens offentliga utredningar, 2018).
- Velta má því fyrir sér hvort setja ætti reglu um að nemandi geti einungis farið einu sinni í raunfærnimat á námsferli sínum, helstu rökin fyrir því eru að þetta er dýrt ferli.

Tillögur stýrihóps um framtíð raunfærnimats á háskólastigi

Lög og reglugerðir

Stýrihópurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að sett sé fram reglugerð fyrir raunfærnimat á háskólastigi á Íslandi, líkt og gert hefur verið fyrir framhaldsskólastigið, svo hægt sé að tryggja samræmda innleiðingu raunfærnimats á háskólastigi og gæði þess. Hluti af þessu er að samræma skilning á því hvað telst til raunfærnimats og hvað ekki.

Raunfærnimat á háskólastigi

Stýrihópurinn hvetur aðrar deildir HÍ til að skapa sér stefnu er varðar raunfærnimat og innleiða það á sem flestum námsleiðum. Raunfærnimat á vel heima á námsleiðum sem þar sem vitað er að einstaklingar/nemendur búa yfir mikilli starfsreynslu í faginu og starfa jafnvel við það án þess að hafa lokið formlegri menntun. Það verði ákvörðun hvernig deildar hvernig hún vill útfæra leiðir til að innleiða raunfærnimat en verklagið yrði byggt á sameiginlegum verkferlum og gæðastöðlum.

Að mati stýrihópsins á raunfærnimat til inngöngu í háskóla á heima hjá framhaldsskólastiginu sem getur metið og vottað þá færni sem til þarf til að ná hæfni á 3.þrepi hæfnirammans um íslenska menntun.

Fjármögnun

Tryggja þarf fjármögnun til raunfærnimats og ákveða hvort nemendur taki þátt í kostnaði og þá að hve miklu leyti. Reglugerð um raunfærnimat á háskólastigi er hér mikilvægur þáttur og möguleg aðkoma stéttarfélaganna og fræðslusjóða þeirra.

Heimildir

Cedefop. (2015). *European guidelines for validating non-formal and informal learning*. Luxembourg: Publications Office. Cedefop reference series; No 104. <http://dx.doi.org/10.2801/008370>

Fjóla María Lárusdóttir og Haukur Harðarson. (2021). *Leiðarvísir fyrir fagaðila í raunfærnimati*. 6. útgáfa. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. (e.d.). *Árangur í raunfærnimati*. <https://frae.is/raunfaernimat/raunfaernimat-arangur/>

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið. (24.2.2022). *Viðmið um æðri menntun og prófgráður*. Samráðsgátt - opið samráð stjórnvalda við almenning. [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3158](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3158)

Ína Dögg Eypórsdóttir, Hróbjartur Árnason og Fjóla María Lárusdóttir. (2015). *Raunfærnimat á háskólastigi. Niðurstöður vinnuhóps um raunfærnimat á háskólastigi*. Háskóli Íslands.

Statens offentliga utredningar. (2018). *Validering i högskolan – för tillgodoräkande och livslångt lärande*.

https://www.regeringen.se/4969b2/contentassets/1d1527350efd47f992fb690abb72e84f/delegation-forslag-och-bedomningar-sou-2018_29.pdf

Swedish Council for Higher Education. (e.d). *RPL in Practice*. <https://www.uhr.se/en/start/about-the-council/what-uhr-does/projects/rpl-in-practice-project/>

Viðaukar

Viðauki 1: Gátlisti fyrir raunfærnimat

Undirbúningur fyrir raunfærnimat á háskólastigi

Raunfærnimat (skv. lögum um framhaldsfræðslu, 12.gr.) er skipulagt ferli þar sem lagt er mat á á alhliða þekkingu og færni einstaklings með formlegum hætti. Matið getur byggst á skólagöngu, starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, framhaldsfræðslu, félagsstörfum og lífsreynslu viðkomandi. Mat á raunfærni byggir á því að nám geti farið fram utan formlega skólakerfisins við alls konar aðstæður og er samanlögð færni einstaklings í gegnum þekkingu og reynslu í samfélaginu. Meginmarkmið raunfærnimatsins er að viðurkenna þá raunfærni sem einstaklingur hefur öðlast þannig að ekki þurfi að sækja nám í því sem viðkomandi þegar kann.

Raunfærnimat er skipulagt ferli sem byggir á fjórum skrefum:

1. Upplýsingar og endurgjöf
2. Gagnaöflun
3. Greining og mat
4. Vottun eða staðfesting

Raunfærnimat HÍ byggir í meginatriðum á þeim hæfniviðmiðum sem sett hafa verið fram við hverja námsbraut og sérhvert námskeið. Hæfniviðmið eru samsett og skilgreind út frá þekkingu, hæfni og leikni sem nemandi öðlast meðan á náminu stendur.

Raunfærnimatið getur verið mismunandi eftir því á hvaða námsstigi þau eru og hvað er verið að meta. Markmiðið með raunfærnimatinu er að sú færni sem einstaklingurinn býr yfir leiði til styttingar á náminu (meta námskeið sem hluta af námi) – (Markmiðið er að mæta menntunarpörf, t.d. leikskólakennara sem hafa mikla reynslu og færni af vettvangi en skortir formlega kennslufræðilega menntun) Með þátttakendum er átt við nemanda/umsækjanda í raunfærnimati Fagaðilar eru verkefnisstjóri, matsaðilar og ráðgjafar

Hvað þarf að vera til staðar áður en hafist er handa?	Er til staðar? Já/Nei	Stutt lýsing á því hvernig þetta skilyrði er uppfyllt	Hvað þarf til að hægt sé að uppfylla skilyrði?	Áskoranir sem þarf að mæta	Athugasemdir	Heimildir / Linkar / Upplýsingar/Dæmi
Skuldbinding frá yfirstjórn háskólans, sviðum og deildum að vinna að raunfærnimati, sem birtist í stefnu og aðgerðaráætlun stofnunarinnar.						<p>Cork Institute of Technology: https://www.cit.ie/contentfiles/academic-policies/CIT%20RPL%20Academic%20Policy%20February%202019.pdf</p> <p>University of Gothenburg: https://medarbetarportalen.gu.se/digitalAssets/1733/1733617_st--dmanual-vnv-190522.pdf</p>
Hlutlausar og nákvæmar upplýsingar og ráðgjöf til umsækjanda yfir allt ferlið						https://www.cit.ie/rpl
Innifelur upplýsingagjöf til umsækjanda eftirfarandi:?						
<i>hvernig auglýsum við verkefnið?</i>						
<i>hvernig náum við til mögulegra þátttakenda?</i>						
<i>eru upplýsingar aðgengilegar á heimasíðu?</i>						
<i>ávinningur fyrir þátttakendur?</i>						

<i>væntingastjórnun til þátttakenda</i>						hverjar eru mögulegar niðurstöður úr matinu
<i>hver er réttur þátttakenda?</i>						
<i>liggja fyrir upplýsingar um skyldur umsækjanda?</i>						
<i>er til tímalína fyrir matið?</i>						
<i>upplýsingar um kostnað fyrir umsækjanda?</i>						
<i>verkferill?</i>						
<i>hvernig sýna á fram á færni?</i>						
<i>sönnunarbyrði - hvaða gögn þarf að leggja fram?</i>						
<i>hver matsviðmiðin eru?</i>						
<i>hvaða aðferðum er beitt við raunfærnimatið?</i>						
<i>mögulegan stuðning og aðstoð?</i>						
<i>möguleikar á að áfrýja niðurstöðum?</i>						
<i>mögulegar niðurstöður úr mati?</i>						
Aðferðir við að ná til/greina mögulega þátttakendur í rfm eru til staðar						
Verkferlar um samstarf og samvinnu mismunandi eininga innan stofnunar eru til staðar						
Skipulag á samstarfi við utanaðkomandi aðila og hagsmunaaðila						
Hæfniviðmið eru skýr og tilbúin fyrir raunfærnimat.						
Matsviðmið liggja fyrir og eru aðgerðabundin						Getur einstaklingur utan háskólasamfélagsins skilið hvað er verið að reyna að meta?
Er matsaðferðir og verkferlar byggð á gæðastöðlum						
Hæfir starfsmenn til að sinna rfm eru til staðar						
<i>Ráðgjafar</i>						
<i>Verkefnastjóri</i>						
<i>skipulag og yfirsýn</i>						
<i>Matsaðilar</i>						
<i>Aðrir</i>						

SKREF 1: UPPLÝSINGAR OG ENDURGJÖF (Identification)

Upplýsingagjöf til umsækjanda um raunfærnimat þarf að innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar um hvað raunfærnimatið felur í sér, hvert markmið þess er, hvert hlutverk umsækjandans er í ferlinu sem og hlutverk ráðgjafa og matsaðila. Einnig þarf að vera ljóst hverjar mögulegar niðurstöður úr matinu geti orðið og veita þarf upplýsingar um áfrýjunarmöguleika.

1. UPPLÝSINGAR OG ENDURGJÖF	Stutt lýsing á því hvernig þetta skilyrði er uppfyllt	Hvað þarf til að hægt sé að uppfylla skilyrði?	Áskoranir	Athugasemdir	Linkar/Dæmi/Upplýsingar
Hefur tilgangur raunfærnimatsins verið skilgreindur skilmerkilega og deilt með umsækjendum					https://www.cit.ie/rpl/bookaworkshop https://www.kth.se/en/studies/master/recognition-of-prior-learning-1.786469
Hafa hin mismunandi skref ferlisins verið útskýrð á nákvæman hátt með umsækjendum					
Hvaða aðferðir og verkfæri styðja við upplýsingagjöf til umsækjanda					Form og aðferðir notaðar hjá CIT: https://www.cit.ie/rpl/usefulforms
<i>hafa ráðgjafar fengið þjálfun í að draga fram færni umsækjandans</i>					
<i>opnar spurningar</i>					
<i>viðtalsform fyrir ráðgjafa</i>					
<i>skimunarlistar</i>					
<i>er skýrt hvaða gögn umsækjandi þarf að skila í næsta skrefi</i>					
Hvaða aðferðum er beitt við upplýsingagjöf og greiningu (t.d. Stöðluð svör, samtöl, skimunarlistar og sjálfsmat)?					
Hvernig styður ráðgjöf við upplýsingagjöf og hvernig er ráðgjöfin hluti af ferlinu?					
Er akademískt starfsfólk hluti af upplýsingagjöfinni? Ef svo, hvernig?					

SKREF 2: GAGNAÖFLUN OG FÆRNISKRÁNING

Umsækjandinn notar skimunarlista til að skrá og meta sína eigin færni sem hann hefur öðlast í gegnum störf, nám, frístundir og lífsreynslu. Skimunarlistarnir eru byggðir á hæfniviðmiðum og n

2.GAGNAÖFLUN OG FÆRNISKRÁNING	Stutt lýsing á því hvernig þetta skilyrði er uppfyllt	Hvað þarf til að hægt sé að uppfylla skilyrði?	Áskoranir	Athugasemdir	Linkar/Dæmi/Upplýsingar
Eru skilyrði fyrir því hvers konar gögn veita nægar upplýsingar og innsýn í þekkingu, hæfni og færni viðkomandi til að geta verið hluti af raunfærnimatinu.					
Hvers konar gögn eru notuð til að styðja við mat á óformlegu og óhefðbundnu námi (t.d. Starfslýsingar, CV, Meðmæli)					
<i>hvernig á færnimappan að vera hvaða gögnum þarf umsækjandi að skila</i>					

SKREF 3: GREINING OG MAT

Greining á færni umsækjanda fer fyrst fram með viðtali hjá matsaðilum deildar sem ákveðin eru af viðkomandi deild. Matsaðilar þurfa að hafa yfirsýn yfir alla þá færni sem krafist er og hæfniviðmið námskeiða sem meta á. Matsaðilar eru skipaðir af stýrihópi raunfærnimats fyrir brautina sem um ræðir. Hæfniviðmið námskeiða eru lögð til grundvallar við að meta einstaklinga. Matsaðilar fara yfir gögn frá umsækjanda og undirbúa matssamtal með honum sem á sér stað í kjölfarið í framhaldi af því er lagt mat á það hvort viðkomandi uppfyllir þau hæfniviðmið sem liggja til grundvallar (hér er hægt að byggja á viðtali, verkefnum, raundæmum, osfrv). Það er einstaklingsbundið hve mörg námskeið/ECTS einingar umsækjendur fá metnar. Matsaðilar fara síðar yfir þau gögn og taka afstöðu um hve mörg námskeið/ ECTS einingar umsækjandi uppfyllir út frá þeim hæfniviðmiðum sem skilgreind hafa verið fyrir viðkomandi námskeið. Umsækjandi/nemandi fær skýra leiðsögn um hvaða námskeið er nauðsynlegt að hann taki til að geta útskrifast með prófgráðu.

3. GREINING OG MAT	Stutt lýsing á því hvernig þetta skilyrði er uppfyllt	Hvað þarf til að hægt sé að uppfylla skilyrði?	Áskoranir	Athugasemdir	Linkar/Dæmi/Upplýsingar
Hvernig eru matsaðferðirnar og matsverkfærin aðlöguð til að meta getu og hæfni hvers einstaklings? Einstaklingsmiðað mat					
Hvernig hafa matsaðferðir verið valdar með hliðsjón áreiðanleika og réttmæti þeirra?					
Hver eru tengsl raunfærnimatsins við hæfnirammann (ISQF) t.d. þrep og/eða hæfniviðmið					
Hafa skilyrðin fyrir raunfærnimati verið skilgreind og miðlað á skýran hátt til þátttakanda, með tilliti til málsmæðferðar, verkfæra og mats-/ matsstaðla					

SKREF 4: VOTTUN OG STAÐFESTING

Þegar niðurstöður úr raunfærnimati liggja fyrir þarf að skjalfesta niðurstöðurnar og skrá ECTS einingar í nemendabókhalda.

4.VOTTUN OG STAÐFESTING	Stutt lýsing á því hvernig þetta skilyrði er uppfyllt	Hvað þarf til að hægt sé að uppfylla skilyrði?	Áskoranir	Athugasemdir	Linkar/Dæmi/Upplýsingar
Niðurstaða mats: Hvernig eru veittar einingar fyrir matið?					
<i>heilt ár/misseri?</i>					
<i>Heil námskeið?</i>					
<i>Hluti af námskeiði? - hvernig á að bæta við?</i>					
Veitir niðurstaða matsins örugglega sömu réttindi og "hefðbundið" nám?					

Viðauki 2: Dæmi um hæfniviðmið námskeiða og mælikvarða

TENGLI HÆFNIVIÐMIÐA, KENNSLU/VERKEFNA OG NÁMSMATS

HÆFNIVIÐMIÐ	KENNSLA/VERKEFNI	NÁMSMAT	Matsviðmið í raunfærnimati	Matsaðferð í raunfærnimati (í vinnslu)
Í lok námskeiðs á nemandi að geta:				
útskýrt ólíkar kenningar um leik og áhrif þeirra á skólastarf	Farið yfir kenningar um leik. Leikflokkar kynntir og hvað helst einkennir þá. Fjallað um áhrif þeirra á skólastarf. Eigin hugmyndir um leik.	Verkefni 2 - 20% Hvernig skilgreina börn leik? Kenning Piaget um leik. Hverjir eru helstu leikflokkarnir að mati fræðimanna og hver eru helstu einkenni þeirra? Fjallið um þær áskoranir sem leikskólakennarar standa frammi fyrir við skipulag leikskólastarfsins með tilliti til fjölbreytileikans í barnahópnum. Hvar myndir þú staðsetja þínar hugmyndir um leik miðað við þau sjónarhorn sem hafa verið reifuð í lesefni?	<ul style="list-style-type: none"> Ég veit hvað einkennir helst leik ungra barna. Ég get útskýrt hvernig leikur er notaður sem námsleið. Ég get sagt frá mismunandi leikflokkum og hvað einkennir þá. Ég get skipulagt leiksvæði tengda ólíkum leikflokkum. Ég get útskýrt hvað þarf að hafa í huga varðandi skipulag fyrir leikaðstæður. Ég skipulegg leik barnanna með tilliti til fjölbreytileikans í hópnum. Ég get sagt frá mínum hugmyndum um leik út frá faglegru reynslu minni. 	Frásögn af leik sem helstu námsleið og einkennir hann (sjálfræði barna og áhugahvöt), dæmi tekin. A.m.k. þrjár leikflokkar nefndir (s.s. hlutverka- og þykjustuleik, skapandi leik og hnoð- og hetjuleik) og hvað einkennir þá. Frásögn af ólíkum leik barna og einkenni hans. Frásögn af því sem helst þarf að huga að varðandi skipulag fyrir leikaðstæður (hlutverkaleik, hreyfileik, listasvæði, kubbaleik) tengda leikflokkum.
rætt og rökstutt hlutverk leikskólakennara í leik barna út frá ólíkum kenningum	Farið yfir hlutverk leikskólakennara í leik barna út frá ólíkum kenningum. Fjallað um barnhverfa nálgun samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla. Fjallað um starfskenningu leikskólakennarans	Verkefni 3 - 15% Ræðið hvernig starfskenning ykkar hefur mótast í náminu fram til þessa (sýn á börn og nám ungra barna, leikskólastarf, hlutverk kennarans)	<ul style="list-style-type: none"> Ég get útskýrt hlutverk leikskólakennara í leik barna. Ég get sagt frá þeim gildum sem ég hef unnið/vinn eftir í starfi mínu á leikskóla. 	Frásögn af því sem mótað hefur starfskenningu þína Hvaða gildum hefur þú unnið eftir í daglegu starfi? Frásögn af barnhverfri nálgun. Sagt frá muninum á stýringu kennara og stuðningi og gefið dæmi

	Fjallað um ólík samskiptamynstur og áhrif þeirra.	Barnhverf nálgun (e. child) Ræðið skilning ykkar á barnhverfri nálgun og hvaða sjónarmið endurspeglast í slíkri nálgun.	<ul style="list-style-type: none"> • Ég get útskýrt hvað átt er við með barnhverfri nálgun. • Ég get greint á milli stýringu kennara og stuðnings. • Ég get gert grein fyrir mikilvægi góðra samskipta leikskólakennara og barna. 	Frásögn um mikilvægi góðra samskipta (við og þröng)
fundið leiðir til að eiga í góðu samstarfi við foreldra	Farið yfir nokkur atriði sem byggir upp gott samstarf við foreldra.	Umræður	<ul style="list-style-type: none"> • Ég get sagt frá helstu leiðum sem farnar eru í leikskólanum varðandi samvinnu við foreldra. • Ég hef tekið foreldraviðtöl í stafi mínu. • Ég get útskýrt hvað felst í daglegum samskiptum við foreldra. • Ég hef unnið með niðurstöður úr forelðrakönnun í starfi mínu. 	Gefið dæmi um eigin reynslu af forelðrasamstarfi, formlegu og óformlegu. Gera grein fyrir helstu leiðum sem farnar eru í leikskólanum í samvinnu við foreldra. Nefna foreldraviðtöl, forelðraráð og forelðrafélag, dagleg samskipti og mat forelðra á starfi (forelðrakönnun).
tengt viðfangsefni og áherslur í leikskólastarfi við hugmyndir um uppeldi og menntun yngri barna og aðalnámskrá leikskóla	Kynning kennara og lesefni námskeiðs Hópverkefni þar sem nemendur afla sér upplýsinga um ólíka þætti og kynna fyrir nemendahópnum	Hópverkefni, umræður og próf	<ul style="list-style-type: none"> • Ég get sagt frá hvaða stefnumótunarskjöl liggja til grundvallar starfi á leikskóla. • Ég get sagt frá því hvernig sýn á börn og nám þeirra hefur þróast síðustu áratugi. • Ég get lýst því hvernig þessi breyting hefur áhrif á faglegt starf í leikskólum. 	Samtal um stefnumótun í leikskólastarfi og áhrif hennar á starfið, t.d. um áherslur í stefnumótunarskjölum; eins og aðalnámskrá, lög um leikskóla, barnasáttmála Samtal um sýn á börn og nám þeirra, hvernig hún þróast síðustu áratugi og hvernig hún hefur áhrif á starfið

Viðauki 3: Skimunarlisti fyrir raunfærnimat

Leikskólakennarafræði – skimunarlisti

Markmiðið með skimunarlistanum er að leggja fyrsta mat á hvort þú átt erindi í raunfærnimat. Niðurstaðan er aðeins vísbending um hvort ástæða sé til að skoða næstu skref með ráðgjafa.

Leikskólakennarar þurfa að geta unnið sjálfstætt og skipulega. Forsendur fyrir raunfærnimati eru að þú hafir öðlast talsverða færni og eru því sett lágmark um 25 ára lífaldur og 3 ára starfsreynslu í faginu.

Ekki þarf að hafa þekkingu á öllum þáttum til að eiga erindi í raunfærnimat.

Hæfniviðmiðum er skipt í flokka og skalinn hér fyrir ofan notaður. Neðst í hverjum flokki er kassi þar sem þú getur bætt við atriðum eða skýrt frekar út þína hæfni. Endilega notaðu þá.

1	Lítill þekking/færni
2	Nokkur þekking/færni
3	Góð þekking/færni
4	Mikil þekking/færni

Nafn						
Lífaldur		Starfsaldur í grein / ár				
Yngstu börnin í leikskólanum						
			1	2	3	4
Ég get útskýrt hvað ber að leggja áherslu á við upphaf leikskólagöngu barna (aðlögun)						
Ég get sagt frá því hvernig umhyggja, samskipti og nám barna er samtvinnað í daglegu starfi						
Ég get greint hvernig yngstu börnin í leikskólanum tjá sig, skapa og eiga í samskiptum við önnur börn og fullorðna						
Ég get skipulagt leikskólastarf með yngstu börnunum í leikskólanum í samræmi við aldur þeirra og þroska						
Ég þekki þá hugmyndafræði sem liggur til grundvallar leikskólastarfi með yngstu börnunum						
Annað sem þú vilt bæta við:						
Myndlist ungra barna						
			1	2	3	4
Ég get sagt frá þróun teikniþroska barna á leikskólaaldri, sagt frá hvað einkennir hvert stig og greint hvar börn eru stödd í teikniþroska						
Ég get útskýrt grunnatriði í litafærni og litablöndun						
Ég get útskýrt hvað einkennir frumform, geómetrísk form og lífræn form og hvar þessi form er að finna í umhverfi okkar						
Ég get útskýrt hvað einkennir mynstur almennt og gert grein fyrir ólíkum gerðum mynsturs						

Ég get útskýrt hvað einkennir miðjumynstur og margvíslegar gerðir þeirra og rætt um í hvaða tilgangi þau eru unnin				
Ég get útskýrt vefnað og efnivið sem nota má við hann og mismunandi möguleika sem t.d. pappírsvafnaður býður upp á				
Ég get útskýrt hvað einkennir vinnu með pappamassa, uppbyggingu skúlpúrs, aðferð við að klæða það með pappamassa og fjölbreyttum skreytingarmöguleikum				
Annað sem þú vilt bæta við:				

Tónlist í lífi ungra barna	1	2	3	4
Ég get útskýrt í hverju tónlistarþroski barna felst og rætt um þýðingu tónlistar fyrir uppeldi barna				
Ég hef góða yfirsýn yfir það efni sem til er á Íslandi fyrir tónlistariðkun í leikskóla og veit hvernig ég get fundið erlent efni og staðfært eftir þörfum				
Ég þekki allt að 10 ólíkar aðferðir til þess að vinna með tónlist með börnum í leikskóla og get tekið dæmi um ólíkar tónlistaraðferðir og útskýrt þær				
Ég veit hvers vegna söngur er afar mikilvægur ungum börnum				
Ég veit að vel uppbyggð tónlistarstund skiptir miklu máli fyrir tónlistarstarf í leikskóla				
Annað sem þú vilt bæta við:				
Leikskóli án aðgreiningar	1	2	3	4
Ég þekki hugmyndafræðina sem liggur að baki skóla án aðgreiningar og félagslegs réttlætis				
Ég get útskýrt mikilvægi þess að gæta að virkri þátttöku allra barna í leikskólastarfi				
Ég get nýtt mér athuganir og skráningar til að skoða leikskólastarf sem tekur mið af fjölbreyttum barnahópi				
Ég get sagt frá hvernig unnið er með fjölbreyttan bakgrunn barna og fjölskyldna þeirra í leikskólanum				
Ég get greint frá því hvers vegna samstarf leikskóla og barnaverndaryfirvalda er mikilvægt				
Annað sem þú vilt bæta við:				
Á mótum leik- og grunnskóla	1	2	3	4
Ég get útskýrt þær félagslegu og námslegu breytingar sem verða í lífi barna við flutning á milli skólastiga				
Ég þekki helstu áherslur í aðalnámskrám leik- og grunnskóla um tengsl skólastiga				
Ég get byggt skólastarf á mótum skólastiga á mismunandi sýn og þörfum barna, foreldra og kennara				
Ég get nýtt leik sem námsleið á mótum skólastiga				
Annað sem þú vilt bæta við:				

Málörvun og bernskulæsi	1	2	3	4
Ég er fær um að útskýra hvernig eðlileg máltaka gengur fyrir sig				
Ég er fær um að útlista hvaða skilyrði þurfi að vera til staðar svo að barn geti yfirleitt lært tungumál				
Ég er fær um að velja og nýta fjölbreyttan efnivið og aðferðir sem ýta undir málörvun				
Ég er fær um að sinna málörvun barna á mismunandi aldri og með mismunandi þarfir				
Ég get útskýrt fyrir foreldrum hvernig þeir geta örvað mál og læsi barna sinna og mikilvægi þess				
Annað sem þú vilt bæta við:				
Samskipti, samstarf og stjórnun	1	2	3	4
Ég get útskýrt hvað einkennir lærdómsamfélag í leikskóla				
Ég get skipulagt daglegt og faglegt starf deildarstjóra í leikskóla				
Ég þekki leiðir sem stuðla að bættum samskiptum og til að vinna eftir ef upp kemur samskiptavandi eða ágreiningur í starfsmannahópi				
Ég hef tekið þátt í foreldrasamtölum í starfi mínu og get útskýrt hvað einkennir góð samskipti og samstarf við foreldra				
Ég get útskýrt hvað felst í því að vera í forystuteymi leikskólans í breytingaferli og get útskýrt hvert hlutverk starfsmanna er í ferlinu				
Ég get útskýrt hvað felst í starfsþróun og hvaða áhrif hún hefur á einstaklinginn og leikskólann í heild				
Annað sem þú vilt bæta við:				

Næsta skref er að hafa samband við ráðgjafa og fá hann til að leiðbeina þér um framhaldið. Ráðgjafi getur meðal annars fundið út hvenær og hvort raunfærnimat er að hefjast í leikskólakennarafræði.

Gangi þér vel.

Viðauki 4: Sjálfsmatslisti fyrir raunfærnimat



Raunfærnimat

Leikskólakennarafræði - sjálfsmat

Tilgangur listans er að meta þekkingu og færni út frá hæfniviðmiðum í grunnnámi í leikskólakennarafræði.

Listinn er notaður til stuðnings í matsamtali.

Að lokinni **almennri skráningu** á raunfærni (starfsreynslu, námi í skóla, námskeiðum, reynslu úr félagsstörfum og einkalífi) er komið að skráningu þeirrar hæfni sem krafist er í lok þeirra námskeiða sem liggja til grundvallar.

Þegar þú hefur lokið skráningunni fer matsaðili yfir möppuna og þið eigið síðan samtal þar sem raunfærni þín í hverju námskeiði er greind. Niðurstöður samtalsins geta verið að:

1. Raunfærni þín sé sambærileg eða jafngild færni sem búa þarf yfir við lok námskeiðs: þú færð námskeiðið metið.

2. Raunfærni þín nær yfir lítinn hluta af þeirri færni sem farið er fram á að nemendur búi yfir við lok námskeiðs: þú þarft að taka námskeiðið.

Nafn og kennitala: _____

Matsviðmið

<p>Notaðu lýsingarnar hér að neðan til að meta þekkingu þína og færni í hverjum og einu námskeiði. Leitaðu til kennara eða fagaðila ef eitthvað er óskýrt.</p>
<p>1 Stig - Lítil þekking og færni og/eða getur útfært einfalda verkþætti undir stjórn annarra.</p>
<p>2 Stig - Nokkur þekking og færni og/eða getur starfað við fyrirfram gefin verkefni undir handleiðslu næsta yfirmanns.</p>
<p>3 Stig - Góð þekking og færni og/eða vinnur vel og sýnir sjálfstæð vinnubrögð.</p>
<p>4 Stig - Mikil þekking og færni og/eða hefur mjög góða fagkunnáttu, sýnir sjálfstæði og frumkvæði í starfi, leiðbeinir öðrum.</p>

Yngstu börnin í leikskólanum – LSS306G	1	2	3	4	Lokið	Ólokið
Þekking/leikni/hæfni:					Útfyllist af matsaðila	
- Ég get útskýrt hvað ber að leggja áherslu á við upphaf leikskólagöngu barna (aðlögun)						
- Ég get útskýrt ólík hlutverk leikskólakennara gagnvart yngstu börnum leikskólans og foreldrum þeirra						
- Ég get sagt frá því hvernig umhyggja, samskipti og nám barna er samtvinnað í daglegu starfi						
- Ég get greint hvernig yngstu börnin í leikskólanum tjá sig, skapa og eiga í samskiptum við önnur börn og fullorðna						
- Ég get skipulagt leikskólastarf með yngstu börnunum í leikskólanum í samræmi við aldur þeirra og þroska						
- Ég þekki þá hugmyndafræði sem liggur til grundvallar leikskólastarfi með yngstu börnunum						
- Ég fær um að skipuleggja starf með yngstu börnunum í leikskólanum í samvinnu við aðra						

Myndlist ungra barna – LSS406G	1	2	3	4	Lokið	Ólokið
Þekking/leikni/hæfni:					Útfyllist af mattsaðila	
- Ég get sagt frá þróun í teikniþroska barna á leikskólaaldri, sagt frá hvað einkennir hvert stig og greint hvar börn eru stödd í teikniþroska						
- Ég get útskýrt grunnatriði í litafræði og litablöndun						
- Ég get útskýrt hvað einkennir frumform, geómetrísk form og lífræn form og hvar þessi form er að finna í umhverfi okkar						
- Ég get útskýrt muninn á tvívídd og þrívídd og hvað gerist þegar við breytum tvívíðu formi í þrívítt form, dæmi: hringur verður kúla, og gefið dæmi um vinnu í þrívídd og hvernig hún er frábrugðin tvívíddarvinnu						
- Ég get útskýrt ítarlega hvað einkennir vinnu með pappamassa, uppbyggingu skúlptúrs, aðferð við að klæða það með pappamassa og fjölbreyttum skreytingarmöguleikum						
- Ég get útskýrt fyrirbærið diorama og hvernig byggja má upp spennandi verk með því að búa til heima inn í pappakassa						
- Ég get útskýrt hvað einkennir mynstur almennt og gert grein fyrir ólíkum gerðum mynsturs						
- Ég get útskýrt hvað einkennir miðjumynstur og hef skoðað margvíslegar gerðir þeirra og get rætt um í hvaða tilgangi þau eru unnin						
- Ég get útskýrt vefnað og efnivið sem nota má við hann og mismunandi möguleika sem t.d. pappírsvefnaður býður upp á						
- Ég get tengt vefnaðarvinnu við hugtökin mynstur, rökhugsun, einbeitingu, stærðfræði og sköpun						
- Ég get útskýrt hvað einkennir þrykk og ólíkar aðferðir við vinnu með það, bæði einfaldar aðferðir t.d. svampþrykk og fleira og flóknari aðferðir eins og skapalónsþrykk						
- Ég get útskýrt hvernig byggja má upp myndlistarverk með því að raða saman tilbúnum hlutum og búa til sín eigin mynstur úr þeim						

Tónlist í lífi ungra barna – LSS407G	1	2	3	4	Lokið	Ólokið
Þekking/leikni/hæfni:					Útfyllist af mattsaðila	
- Ég get útskýrt í hverju tónlistarþroski barna felst og rætt um þýðingu tónlistar fyrir uppeldi barna						
- Ég hef góða yfirsýn yfir það efni sem til er á Íslandi fyrir tónlistariðkun í leikskóla og veit hvernig ég get fundið erlent efni og staðfært eftir þörfum						
- Ég þekki allt að 10 ólíkar aðferðir til þess að vinna með tónlist með börnum í leikskóla og get tekið dæmi um ólíkar tónlistaraðferðir og útskýrt þær						
Ég get útskýrt af hverju söngur er afar mikilvægur ungum börnum og skil að eitt hlutverk leikskólakennara er að stuðla að fjölbreyttum leiðum til tónlistariðkunar með ungum börnum						
- Ég þekki fleiri en eina leið til þess að skipuleggja tónlistarstund í leikskóla og get valið úr fjölbreyttum aðferðum til að stuðla að tónlistarþroska ungra barna						
- Ég get útskýrt í hverju vel uppbyggð tónlistarstund felst og af hverju hún skiptir miklu máli fyrir tónlistarstarf í leikskóla						

Leikskóli án aðgreiningar – LSS401G	1	2	3	4	Lokið	Ólokið
Þekking/leikni/hæfni:					Útfyllist af mattsaðila	
- Ég þekki hugmyndafræðina sem liggur að baki skóla án aðgreiningar og félagslegs réttlætis						
- Ég hef reynslu af starfi með fjölbreyttum barnahópi						
- Ég get greint frá viðhorfum mínum til margbreytileikans						
- Ég get útskýrt hvaða börn eiga á hættu að vera jaðarsett innan barnahópsins						
- Ég get sagt frá mikilvægi þess að gæta að virkri þátttöku allra barna í leikskólastarfi						
- Ég get sagt frá samstarfi og tengslum við foreldra og börn af erlendum uppruna						
- Ég get nýtt mér athuganir og skráningar til að skoða leikskólastarf sem tekur mið að fjölbreyttum barnahópi						
- Ég get sagt frá hvað einkennir leikskólastarf sem tekur tillit til fjölbreytileikans						
- Ég get sagt frá hvernig unnið er með fjölbreyttan bakgrunn barna og fjölskyldna þeirra í leikskólanum						
- Ég get sagt frá því hvernig börnin eru studd til þátttöku í leik						
- Ég get greint frá því hvers vegna samstarf leikskóla og barnaverndaryfirvalda er mikilvægt						
- Ég hef tekið þátt í samstarfi við ólíka hagsmunaaðila í tengslum við fjölbreytilegan barnahóp						

Á mótum leik-og grunnskóla – LSS501G	1	2	3	4	Lokið	Ólokið
Þekking/leikni/hæfni:					Útfyllist af matsaðila	
- Ég get útskýrt þær félagslegu og námslegu breytingar sem verða í lífi barna við flutning á milli skólastiga						
- Ég get útskýrt í hverju samfella (e. continuity) í námi barna felst						
- Ég þekki hugmyndafræði sem lögð er til grundvallar í samstarfi leik-og grunnskóla						
- Ég þekki helstu áherslur í aðalnámskrám leik- og grunnskóla um tengsl skólastiga						
- Ég get útskýrt hvernig mismunandi hefðir skólastiganna geta haft áhrif á þróun skólustarfs						
- Ég hef þekkingu á því hvernig má þróa samstarf og á milli skólastiga						
- Ég get útskýrt ólík sjónarhorn barna, leik-og grunnskólakennara og foreldra á skilum á milli skólastiga						
- Ég get byggt skólustarf á mótum skólastiga á mismunandi sýn og þörfum barna, foreldra og kennara						
- Ég hef þekkingu á fjölbreyttum kennsluaðferðum á mótum skólastiga sem leggja áherslu á samfellu í námi barna, virkni þeirra og þátttöku						
- Ég get nýtt leik sem námsleið á mótum skólastiga						
- Ég hef reynslu af starfi með elstu börnum leikskóla eða yngstu börnum í grunnskóla						
- Ég er fær um að vinna sjálfstætt í starfi með börnum á mótum skólastiga						
- Ég er fær um að skipuleggja starf á mótum skólastiga í samvinnu við aðra						

Málörvun og bernskulæsi – LSS504G	1	2	3	4	Lokið	Ólokið
Þekking/leikni/hæfni:					Útfyllist af matsaðila	
- Ég er fær um að útskýra hvernig eðlileg máltaka gengur fyrir sig						
- Ég get útskýrt hver séu algeng frávik í máli barns sem er að læra íslensku og hvers vegna						
- Ég get útlistað hvaða skilyrði þurfi að vera til staðar svo að barn geti yfirleitt lært tungumál						
- Ég þekki hlutverk leikskólans og get útskýrt hvert hlutverk mitt sem verðandi leikskólakennari er við að hámarka þau skilyrði						
- Ég er fær um að bregðast við og leiðbeina á vettvangi og til forráðamanna, sérstaklega þegar grunur leikur á að þeim skilyrðum sé illa mætt utan leikskólans						
- Ég er fær um að útskýra helstu þætti málörvunar og mikilvægi þeirra						
- Ég er fær um að örva þessa málörvunarþætti hvern fyrir sig og tengja við aðra málörvunarþætti í öllu daglegu starfi með leikskólabörnum						
- Ég er fær um að byggja upp og leiða markvissa og fjölbreytta málörvun í öllu daglegu starfi með börnum á mismunandi aldri og með mismunandi þarfir						
- Ég er fær um að ræða og miðla þekkingu minni um málörvun						
- Ég er fær um að velja og nýta fjölbreyttan efnivið og aðferðir sem ýta undir málörvun						
- Ég er fær um að útskýra hlutverk málörvunar í læsi (bernskulæsi)						
- Ég er fær um að sinna örvun læsis barna á mismunandi aldri og með mismunandi þarfir						
- Ég er fær um að skipuleggja umhverfið í leikskólanum þannig að það styðji við læsi (bernskulæsi)						
- Ég þekki skyldur mínar sem verðandi leikskólakennari í tengslum við læsi eins og um það er fjallað í Aðalnámskrá leikskóla og í Lögum um leikskóla						
- Ég get útskýrt og rökstutt málörvunarstarfið í leikskólanum fyrir foreldrum						
- Ég get útskýrt fyrir foreldrum hvernig þeir geta örvað mál og læsi barna sinna og mikilvægi þess						

Samskipti, samstarf og stjórnun – LSS605G	1	2	3	4	Lokið	Ólokið
Þekking/leikni/hæfni:					Útfyllist af mattsaðila	
- Ég get útskýrt hvað einkennir lærdómsamfélag í leikskóla						
- Ég get útskýrt muninn á því hvað felst í hugtökunum stjórnun og forysta og þeim kenningum sem liggja að baki						
- Ég get útskýrt hvað einkennir karllæga og kvenlæga stjórnun og forystu menntastofnana						
- Ég get skipulagt daglegt og faglegt starf deildarstjóra í leikskóla						
- Ég veit hvað felst í hlutverki deildarstjóra í leikskóla, til hvers er ætlast af þeim og hvað einkennir góðan deildarstjóra						
- Ég veit að deildarstjóri er hluti af forystu leikskólans og hvað felst í því hlutverki.						
- Ég þekki leiðir sem stuðla að bættum samskiptum og til að vinna eftir ef upp kemur samskiptavandi eða ágreiningur í starfsmannahópi						
- Ég veit hvað einkennir góð og slæm samskipti						
- Ég get útskýrt hvernig best er að undirbúa sig fyrir það að taka erfið viðtöl við samstarfsfólk og/eða foreldra.						
- Ég veit hvernig verkferlarnir eru ef upp kemur einelti í leikskólanum og veit hvernig á að takast á við það						
- Ég hef tekið þátt í foreldrasamtölum í starfi mínu og get útskýrt hvað einkennir góð samskipti og samstarf við foreldra						
- Ég geri mér grein fyrir og get útskýrt hvernig ég get brugðist við í erfiðum aðstæðum tengt barni og foreldrum.						
- Ég get útskýrt hvað felst í því að vera í forystuteymi leikskólans í breytingaferli og get útskýrt hvert hlutverk starfsmanna er í ferlinu						
- Ég get útskýrt hvað felst í því að vera í forystuteymi leikskólans í breytingaferli og þekki leiðir til að virkja þá til þátttöku						

- Ég geri mér grein fyrir hvernig má vinna með ágreining í breytingaferli						
- Ég get útskýrt hvað felst í starfsþróun og hvaða áhrif forystuaðili getur haft á starfsþróun, hvaða áhrif hún hefur á einstaklinginn og leikskólann í heild						
- Ég get lýst einkennum teymisvinnu og stígbundinni þróun á leikskóladeild og sagt frá því hvaða áhrif teymisvinnu hefur á leikskólastarf						
- Ég get gert grein fyrir mikilvægi leiðsagnar (e. mentoring), áhrif hennar á hlutaðeigendur og lærdómssamfélag í leikskóla						
- Ég hef fengið ráðgjöf, leiðsögn eða þjálfun í starfi og átta mig á muninum þar á						

Hér staðfestir þú með undirskrift þinni, að skráðar upplýsingar séu réttar.

Staður:	Dagsetning:	Undirskrift þátttakanda:

